

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag frístundahúsalóða í landi Austurhlíðar í fyrrum Gnúpverjahreppi.*
Deiliskipulagið nær yfir 1,2 ha spildu úr landi Austurhlíðar. Gert er ráð fyrir tveimur frístundahúsalóðum þar sem heimilt er að reisa allt að 150 m² frístundahús með 6,5 m hámarksmanishæð og allt að 30 m² aukahús á hvorri lóð.
Samþykkt í sveitarstjórn 10. júlí 2007.
2. *Deiliskipulag í Réttarholti við Árnas í fyrrum Gnúpverjahreppi.*
Skipulagssvæðið er í heild 349 ha og fylgir eignarlandi sveitarfélagsins sunnan Þjóðvegur nr. 32. Gert er ráð fyrir frístundabyggð, smábýlabyggð, 18 holu golfvelli, hesthúsasvæði og athafnasvæði.
Samþykkt í sveitarstjórn 2. október 2007.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 7. nóvember 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2007